

FUNDARGERÐ

340. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn á skrifstofu félagsins, þriðjudaginn 13. ágúst 2024 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Vilhjálmur Jónsson (VJ), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AB) framkvæmdastjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Húsnæði HEF
- 2 Krafa vegna meints tjóns vegna þjónusturofs vatnsveitu á Seyðisfirði
- 3 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði, staða og næstu skref
- 4 Jarðhitaleit Eiðabíngá
- 5 Eigendastefna HEF
- 6 Árshlutauppgjör
- 7 Ljósleiðari – átak stjórnvalda
- 8 Verkefni í gangi / áætlanir
- 9 Uppsögn á samningi um raforkuviðskipti
- 10 Kaldakvísl – umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar
- 11 Önnur mál
 - a. Kröfuvinnsla

1 Húsnæði HEF

Starfshópur var settur á laggirnar eftir síðasta stjórnarfund, en hópurinn samanstendur af tveimur stjórnarmönnum, Ívari og Hildi, ásamt framkvæmdastjóra veitunnar og tveimur starfsmönnum, Védísi og Fjólu. Hópurinn fundaði 9. júlí síðastliðinn og ræddi þá valkosti sem eru í stöðunni, ásamt skoðunarferð.

Núverandi húsnæði HEF að Fellabrún 1 þarfnast viðhalds og mögulega breytinga með auknum starfsmannafjölda félagsins. Arkitekt var fenginn til að koma með hugmyndir að breytingum á húsnæðinu sem eru væntanlegar á næstu dögum.

Hópurinn skipti verkefninu í tvo hluta; fyrst er horft til þarfagreiningar á núverandi húsnæði svo það gagnist sem best næstu 2-4 árin. Í framhaldi verði hugað að framtíðarlausn.

Nokkrir valmöguleikar hafa komið upp í umræðum um framtíðarhúsnæði HEF og af þeim eru eftirfarandi þrjár valmöguleikarnir sem mest hafa verið ræddir. Fyrst er það áframhaldandi viðvera í endurbættu húsnæði að Fellabrún 1, ásamt bættri starfsmannaaðstöðu útimanna að Valgerðarstöðum og útiskemmu. Annar valmöguleiki er að kaupa eldra húsnæði til að stækka lagerinn, og líkt og í fyrsta valmöguleika, endurnýja skrifstofur í Fellabrún 1. Þriðji valkosturinn er að byggja húsnæði að Valgerðarstöðum 2, þar sem kyndistöð veitunnar er nú staðsett, og koma þar fyrir allri starfsemi félagsins, skrifstofum, lager og verkstæði, undir eitt þak.

Starfshópur heldur áfram að greina þessa valmöguleika, metur þörf og kostnað við framkvæmdir eftir að arkitekt hefur lokið sinni vinnu. Hópurinn verður boðaður til fundar fljótlega.

2 Krafa vegna meints tjóns vegna þjónusturofs vatnsveitu á Seyðisfirði

Samkaup, eigandi Krambúðarinnar á Seyðisfirði hefur gert kröfu í tryggingu HEF vegna meint tjóns á kælibúnaði og kælivörum. Spurningum tryggingafélags hefur verið svarað.

3 Fjarvarmaveita á Seyðisfirði, staða og næstu skref

Greinargerð til íbúa á Seyðisfirði er greindi frá stöðu fjarvarmaveitunnar á Seyðisfirði var birt þann 18. júlí síðastliðinn á heimasíðu Múlaþings, HEF veitna og á Austurfrétt. Eins og fram kemur í greinargerð er staðan flókin og veltur á ákvörðun stjórnvalda varðandi raforkuverð til fjarvarmaveitna. Þráðurinn verður tekinn upp á ný eftir sumarið. Framkvæmdastjóri Eyglóar, *samstarfsverkefnis um eflingu orkuskipta, orkunýtni og hringrásarhagkerfis á Austurlandi*, hefur lýst áhuga á verkefninu. Stefnt er á fund fulltrúa Múlaþings, HEF, Eyglóar og stjórnvalda snemma í haust um verkefnið.

4 Jarðhitaleit Eiðabínghá

Viðræður eru í gangi, næsti fundur áformaður í ágústmánuði.

Til upplýsingar.

5 Eigendastefna HEF

Byggðaráð Múlaþings samþykkti á fundi sínum 9. júlí s.l. að fela sveitarstjóra að boða fulltrúa HEF veitna til samtals um gerð eigendastefnu fyrir félagið á fund Byggðaráðs 20. ágúst nk.

Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að sækja fundinn.

6 Árshlutauppgjör

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa árshlutauppgjör (8. mán.), með svipuðu sniði og gert var 2023. Jafnframt skal undirbúningur að áætlunum fyrir 2025 auk 3ja ára áætlunar hafinn.

7 Ljósleiðari – átak stjórnvalda

Haddur Áslaugsson situr fundinn undir þessum lið.

Vísað er í kynningu á Byggðaráðsfundi í síðustu viku.

8 Verkefni í gangi / áætlanir

- Fráveita Djúpavogi (D0002): Lagnavinna lokið. Tengivinna og frágangur raflagna á dagskrá næstu 2-3ja vikna. Vonast er til að gangsetning verði um mánaðamót ágúst-september.
- Stofnlögn vatnsveitu Seyðisfjarðar (S0010): 2. áfanga lokið, neðan Gilsbakka.
- Gilsbakki – endurnýjun vatnsveitu (S0018): Lagnavinna að mestu lokið, skoða þarf hvort bæta þarf við niðurföllum og hækka brunna fyrir malbikun.
- Framkvæmdir við neysluvatnsöflun úr eyrum Búlandsár (D0011) stendur yfir, en til stendur að grafa fyrir vatnslögn frá borholum og að núverandi vatnslögn, sem er u.þ.b. 2 km leið. SG vélar sér um framkvæmdina og vinnur fyrir lok október. Lögð er áhersla á að koma vatnslögn undir Búlandsána sem allra fyrst.
- Framkvæmdir við endurnýjun yfirborðs og lagna í Dynskógum (E0026) stendur yfir. Austurverk sér um verkið. Íbúafundur var haldinn í byrjun júlí og Facebook hópur stofnaður til að skapa vettvang til umræðna, milli íbúa, veitunnar og verktaka. Gatan verður malbikuð um miðjan september, en vonast er til að lagnavinna og yfirborð verði klárt fyrir þann tíma.

9 Uppsögn á samningi um raforkuviðskipti

HS Orka hefur sagt upp raforkusamningi við félagið frá 1.1.2025. Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á markaðnum til samninga.

10 Kaldakvísl – umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar

Í erindi Orkustofnunar, dags. 10. júlí 2024 er óskað eftir umsögn HEF veitna um umsókn Orkusölunnar um rannsóknarleyfi vegna vatnsaflsvirkjunar í Köldukvíslardal ofan vatnstökusvæðis HEF úr eyrum Köldukvíslar í Eyvindarárdal. Umsögn sem framkvæmdastjóri HEF sendi var neikvæð, HEF veitur leggjast gegn áformum um hverskonar hugmyndir um virkjun og framkvæmdir sem mögulega geta rýrt gæði svæðisins og neysluvatn 3.500 íbúa á Egilsstöðum, Fellabæ og nærliggjandi dreifbýli. Til upplýsingar.

11 Önnur mál

a. Kröfuvinnsla

Fjármálasviði hefur orðið ágennt í innheimtu krafna. Fyrir liggur minnisblað. Til upplýsingar.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 17:05

Fundargerð ritaði Ívar K. Hafliðason.

Undirritanir á næstu síðu.

